

## REGLUGERÐ

### um breytingu á heilbrigðisreglugerð nr. 149/1990, með síðari breytingum.

#### 1. gr.

Grein 91.1.5. í reglugerðinni orðist svo:

Dagsbirta og lýsing skal vera góð. Góð dagsbirta miðast við gluggastærð í hlutfalli við gólfhlöt. Gott ljós af lampa telst fyrir skólastofur 500-1000 lux. Heimilt er að hafa lýsingu á göngum í skólum breytilega, þannig að möguleiki sé á góðri lýsingu við ræstingu, en minni þess utan.

#### 2. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 2. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit með síðari breytingum og öðlast gildi þegar í stað.

*Umhverfisstjórnuneytinu, 19. nóvember 1996.*

F. h. r.

**Ingimar Sigurðsson.**

*Sigurbjörg Sæmundsdóttir.*

21. nóvember 1996

Nr. 618

## GJALDSKRÁ

### vegna hundahalds í Garðabæ.

#### 1. gr.

Gjald fyrir leyfi til þess að halda hund í lögsagnarumdæmi Garðabæjar, sbr. c-lið 3. gr. samþykktar um hundahald í Garðabæ frá 11. mars 1983, skal vera kr. 9.500.

Gjaldið greiðist fyrirfram á gjalddaga 15. nóvember ár hvert.

#### 2. gr.

Gjald vegna töku á hundum sbr. 2. gr. ofangreindrar samþykktar skal vera kr. 5.000.

#### 3. gr.

Um vexti á vangreiddu leyfisgjaldi gilda almennar reglur.

#### 4. gr.

Ofangreind gjaldskrá bæjarstjórnar Garðabæjar staðfestist hér með samkvæmt 22. gr. laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, með síðari breytingum, til þess að öðlast þegar gildi.

*Umhverfisstjórnuneytinu, 21. nóvember 1996.*

F. h. r.

**Ingimar Sigurðsson.**

*Sigurbjörg Sæmundsdóttir.*